

Priðjudaginn 28. júní 1994.

Nr. 250/1994.

Páll Egilsson

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

gegn

Steinunni Björk Garðarsdóttur

(Guðmundur Markússon hrl.)

Kærumál. Res judicata. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. maí sl., sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi aukadómþings Árnassýslu 22. maí 1992 var sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 500.000 krónur á grundvelli skuldaviðurkenningar hans frá 6. júní 1990. Dómurinn taldi ósannað, að í greiðslu sóknaraðila til varnaraðila 5. júlí 1990, að fjárhæð 1.263.560 krónur, hefðu falist efndir á greiðslu skuldaviðurkenningarinnar frá 6. júní sama ár. Þar með hafði dómurinn tekið efnislega afstöðu til þess, að ekki yrði á því byggt, að efndir þessarar skuldaviðurkenningar hefði áður borið að. Þessum dómi var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Það verður ekki að nýju borið undir dómstóla, hvort sú fjárhæð, sem dæmt var um 22. maí 1992, hafi verið hluti af uppgjöri aðila, sem greiðslu sóknaraðila 5. júlí 1990 hafi verið ætlað að ná til, sbr. 2. mgr. 116. gr. einkamálalaga. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Páll Egilsson, greiði varnaraðila, Steinunni Björk Garðarsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Í máli því milli aðila, sem úr var leyst með dómi aukadómþings Árnassýslu 22. maí 1992, lá það fyrir annars vegar, að sóknaraðili hafði 6. og 14. júní 1990 gefið út tvær skuldaviðurkenningar til varnaraðila, hvora að fjárhæð 500.000 krónur, þar sem hann lofaði einhliða að greiða henni skuldarfjárhæðina á tilteknum gjalddaga, fyrirvaralaust og án skýringar á því, hvernig skuldin væri til komin. Hins vegar hafði sóknaraðili 5. júlí sama ár greitt 1.263.560 krónur í einu lagi inn á bankareikning á nafni varnaraðila, einhliða og án tilgreiningar á því, hvert væri tilefni greiðslunnar. Málið höfðaði varnaraðili um 14 mánuðum síðar til innheimtu þeirrar skuldaviðurkenningar, sem fyrr var út gefin, og krafðist greiðslu eftir hljóðan hennar. Þeirri kröfu fylgdi ekki gagnger útlistun á þeim viðskiptum, sem hún hafði stofnast af. Sóknaraðili krafðist sýknu á grundvelli þess, að skuld hans samkvæmt viðurkenningunni væri þegar greidd. Reyndi hann að sýna fram á, að tengsl væru milli skuldaviðurkenninganna og fyrrnefndrar bankainnborgunar, og sagði hana vera ætlaða til uppgjörs á þeim báðum ásamt tiltekinni inneign, sem varnaraðili hefði einnig átt hjá honum. Á hinn bóginn gerði hann ekki sjálfstæða kröfu um staðfestingu þess, hvað hann hefði verið að greiða, né hins, að með innborguninni hefði hann orðið skuldlaus við varnaraðila, eins og hann hélt fram. Varnaraðili mótmælti staðhæfingum sóknaraðila og kvað innborgunina vera viðurkenningunum óviðkomandi, af ástæðum, sem hún gerði lauslega grein fyrir.

Í niðurstöðum dómsins var krafa varnaraðila um greiðslu samkvæmt skuldaviðurkenningunni talin réttmæt þegar af þeirri ástæðu, að sóknaraðili staðfesti, að hann hefði staðið í skuld við varnaraðila, þegar viðurkenningin var gefin út. Sýknukröfu sóknaraðila var hins vegar hafnað á þeirri forsendu, að honum hefði verið í lófa lagið að tryggja sér skýra sönnun fyrir greiðslu skuldarinnar, hefði

hún á annað borð farið fram. Sönnun þess efnis lægi ekki fyrir, og yrði varnaraðili að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Þessi niðurstaða felur í sér bindandi úrlausn um það, að bankainnborgun sóknaraðila hafi ekki leitt til efnda á loforði hans samkvæmt skulda- viðurkenningunni, eins og hún lá fyrir. Á hinn bóginn er niðurstaðan ekki bindandi um það, hvaða skuld sóknaraðili hafi verið að viðurkenna, þar sem skjalið var lagt til grundvallar án úrskurðar um, hvaða viðskipti lægu því að baki. Á sama hátt leysir hún ekki úr því, hvað sóknaraðili var í raun að greiða með innborgun sinni, þar sem ekki reyndi á annað en það, hvort greiðslan næði til umræddrar skuldayfirlýsingar. Verður dómurinn þannig ekki talinn bindandi um endanleg áhrif viðurkenningarinnar eða greiðslunnar á uppgjör þeirra lögskipta, sem málsaðilar áttu sín í milli, enda verður ekki séð af forsendum dómsins, að efnisleg afstaða hafi verið tekin til þeirra.

Samkvæmt þessu þarf dómurinn ekki að standa því í vegi, að sóknaraðili beri það nú undir dómstóla, hver eigi að vera niðurstaðan um fullnaðaruppgjör á fjárhagslegum skiptum hans og varnaraðila og hvort greiðsla hans inn á bankareikninginn og síðar á dómskuldinni við varnaraðila leiði til þess ásamt öðru, að hann reynist hafa greitt henni umfram skyldu. Það telur hann vera markmið þeirrar málsóknar, sem hér er til umfjöllunar. Varnaraðili hefur ekki borið fram aðrar ástæður til frávísunar á málinu en þá, sem hér var rædd. Að svo komnu verður það því niðurstaða mín, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til frekari meðferðar. Rétt er, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 5. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. f.m. að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu stefnda, er höfðað 19. nóvember 1993 af Páli Egilssyni, kt. 200344-7319, Múla, Biskupstungnahreppi, Árnes-sýslu, á hendur Steinunni Björk Garðarsdóttur, kt. 090136-2919, Heimahaga 11, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 500.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/

1987 frá 5. júlí 1990 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu er á þessu stigi málsins gerð sú krafa, að því verði vísað frá dómi. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu vegna þessa þáttar málsins.

II.

Þann 6. júní 1990 undirritaði stefnandi máls þessa svohljóðandi skuldaviðurkenningu: „Ég undirritaður gef hér með yfirlýsingu um, að ég skulda Steinunni Garðarsdóttur, 090136-2919, 500.000 kr., sem ég greiði henni 20. júní 1990.“

Með stefnu, birtri 27. september 1991, höfðaði stefnda mál á hendur stefnanda og gerði þá dómkröfu, að honum yrði gert að greiða sér 500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 20. júní 1990 til greiðsludags. Var þessi málsókn stefndu algerlega grundvölluð á framanritaðri skuldaviðurkenningu, en stefnda er kröfuhafi samkvæmt henni. Af hálfu stefnanda var krafist sýknu og því haldið fram, að greind skuld hans við stefndu hefði að fullu verið greidd 5. júlí 1990. Vísaði stefnandi til þess í því sambandi, að þann dag hefði hann greitt stefndu 1.263.560 krónur. Greiðsla á umræddri skuldaviðurkenningu hafi verið hluti af heildaruppgjöri aðila sem með þessu hafi farið fram, en stefnda hafi um tíma verið ráðskona hjá stefnanda. Af hálfu stefndu var fullyrðingu stefnanda um greiðslu hinnar umstefndu skuldar eindregið mótmælt og því haldið fram, að greiðsla stefnanda til hennar þann 5. júlí 1990 hefði verið skuldaviðurkenningunni algjörlega óviðkomandi.

Niðurstaða héraðsdóms í ofangreindu máli samkvæmt dómi aukadómþings Árnassýslu, upp kveðnum 22. maí 1992, varð sú, að dómkrafa stefndu var að fullu tekin til greina. Var á því byggt, að stefnanda hefði ekki tekist sönnun þess, að greiðsla skuldarinnar hefði þegar verið innt af hendi.

Framangreindum dómi var ekki áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og fyrir liggur, að stefnandi gerði skuld sína við stefndu samkvæmt dóminum að fullu upp í september 1993.

Mál það, sem hér er til meðferðar, höfðar stefnandi á hendur stefndu „til endurgreiðslu á fjárgreiðslu sem hann innti af hendi til hennar 5. júlí 1990 í þeirri trú að um væri að ræða greiðslu á skuldaviðurkenningu . . .“, eins og segir í stefnu.

III.

Að sögn stefnanda kom stefnda sem ráðskona á heimili hans að Múla þann 15. maí 1986. Ástarsamband hafi tekist með aðilum og þau fljótlega hafið sambúð. Upp úr henni hafi hins vegar slitnað um miðjan september 1989 og hafi stefnda þá farið frá Múla. Við samvistarslit málsaðila hafi verið þörf á að ljúka fjárhagslegu uppgjöri þeirra í milli, en þau mál hafi ekki verið í föstu horfi, þá er stefnda var í ráðskonustarfi hjá stefnanda. Af því til efni kveðst stefnandi hafa undirritað tvær skuldaviðurkenningar, 6. og 14. júní 1990, báðar að fjárhæð 500.000 krónur. Gjaldldagi hinnar fyrri var 20. júní 1990, en hina síðari skyldi hann greiða 20. nóvember sama ár. Tilgangurinn með útgáfu skuldaviðurkenninganna hafi verið tvíþættur. Annars vegar hafi í útgáfu þeirra verið fólgið uppgjör á skuld stefnanda við stefndu vegna ráðskonustarfa hennar, en um fjárhæð þeirrar skuldar hafi verið samkomulag á milli aðila. Hins vegar megi rekja útgáfu umræddra skuldaviðurkenninga til fyrirhugaðra húsnæðiskaupa stefndu.

Óumdeilt er, að þann 5. júlí 1990 greiddi stefnandi 1.263.560 krónur inn á reikning stefndu. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þar með hafi hann greitt umræddar skuldaviðurkenningar að fullu, svo og 263.560 krónur vegna tækja er stefnda hafi keypt og skilið eftir að Múla. Með þessu hafi endi verið bundinn á skuldaskipti málsaðila. Það hafi því komið stefnanda verulega á óvart, þegar stefnda höfðaði fyrrgreint mál á hendur honum þann 27. september 1991. Með því að tekin var til greina dómkrafa stefndu í því máli, sé brostin forsenda fyrir greiðslu stefnanda til stefndu 5. júlí 1990, að því marki sem henni hafi verið ætlað að ganga til efnda á hinni fyrri skuldaviðurkenningu. Höfðar stefnandi mál þetta til endurheimtu þeirrar fjárhæðar, sem hann telur sig samkvæmt framansögðu hafa greitt stefndu umfram skyldu.

IV.

Frávísunarkrafa stefndu er byggð á því, að um dómkröfu stefnanda á hendur stefndu hafi verið dæmt með fyrrgreindum dómi aukadómpings Árnæssýslu frá 22. maí 1992. Sá dómur hafi fallið stefndu í hag og honum hafi ekki verið hnekkt. Hafi því þegar gengið efnisdómur sem sé bindandi um úrslit þess sakarefnis, sem hér sé til umfjöllunar. Verði það ekki borið á ný undir sama eða hliðsettan dómstól. Ber því að mati stefndu og með vísan til 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa máli þessu frá dómi.

Með áður nefndum dómi aukadómpings Árnæssýslu frá 22. maí 1992 var stefnandi á grundvelli skuldaviðurkenningar, dags. 6. júní 1990, dæmdur til að greiða stefndu 500.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Sýknukrafa stefnanda í málinu

var, svo sem að framan er rakið, byggð á þeirri málsástæðu, að hann hefði þegar staðið stefndu skil á greiðslu umræddrar skuldar. Vísaði hann þar um til áðurgreindrar innborgunar sinnar á bankareikning í eigu stefndu hinn 5. júlí 1990. Ef afstöðu málsaðila til þeirrar innborgunar áður lýst. Taldi dómurinn ósannað, að henni hefði að einhverju leyti verið ætlað að ganga til efnda á þeirri skuldaviðurkenningu, sem málsókn stefndu byggðist á.

Mál það, sem hér er til meðferðar, höfðar stefnandi á þeim grundvelli, að með því að tekin var til greina dómkrafa stefndu í hinu fyrra máli aðila, sé brostin forsenda fyrir greiðslu hans til stefndu 5. júlí 1990, þar sem í henni hafi að hluta falist fullnaðarefndir á dómkröfunni.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, er það mat dómsins, að þegar hafi verið lagður fullnaðardómur á það sakarefni sem kröfugerð stefnanda hér fyrir dómi lýtur að. Standa ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í vegi fyrir því, að dómkrafa stefnanda verði, að svo komnu máli, lögð fyrir dóminn til efnislegrar meðferðar. Ber því að vísa málinu frá dómi og gera stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Páll Egilsson, greiði stefndu, Steinunni Björk Garðarsdóttur, 25.000 krónur í málskostnað.
